



Áfangalýsing ML

Titill:	Umhverfis – og vistfræði
Námsgrein:	Líffræði
Viðfangsefni:	Vistfræði með áherslu á umhverfi nemenda í víðu samhengi
Skammstöfun:	LÍFF1UF04
Þrep:	1
Einingafjöldi:	4
Lýsing:	Markmið áfangans er að gera nemendur meðvitaða um umhverfi sitt og ábyrga samfélagsþegna m.t.t. sjálfbærni. Fjallað er m.a. um grunnhugtök vistfræðinnar, hringrásir orku og efna í vistkerfum jarðar, fólksfjölgun og önnur vandamál sem herja á jörðina, og enn fremur leiðir til úrbóta.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• vísindalegum vinnubrögðum• grunnhugtökum vistfræðinnar• hringrásum orku og efna í vistkerfum jarðar• fólksfjölgunarvandamálum heimsins• áhrifum mannsins á umhverfi sitt• þjónustu vistkerfa• leiðum til sjálfbærs umhverfis
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• flokka heimilissorp til endurvinnslu• þekkja lífríki nærumhverfis síns• framkvæma einfaldar rannsóknir með vísindalegum vinnubrögðum• skrifa skýrslur og túlka niðurstöður rannsókna• lesa vísindagreinar og fræðibækur og nýta upplýsingatækni sér til gagns
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <p>búa yfir orðaforða og skilningi til að taka þátt í almennri umræðu um umhverfi sitt</p> <p>geta myndað sér skoðun á virði vistkerfa og verndun þeirra</p> <p>yfirfært þessa vísindalegu þekkingu og leikni á aðrar námsgreinar</p>
Námsmat	